



Fundargerð

Fyrsti fundur skólanefndar VA 2. maí 2019

Mættir: Jón Björn Hákonarson formaður skólanefndar, Hlöðver Hlöðversson, Pálína Margeirsdóttir, Sigurður Ólafsson, Berglind Ingvarsdóttir, Lilja Guðný Jóhannesdóttir skólameistari, Sigurborg Hákonardóttir fjármálastjóri. Gunnar S. Ólafsson f.h. kennara,

Dagskrá:

1. Forumsóknir nýnema.

Lilja fer yfir tölur um umsóknir nýnema sem eru alls 28 í dag. Í fyrsta sinn er tekið inn á nýbúabraut en þar verða alls 3 nem. Þetta eru frekar lágar tölur en ákveðið er að kenna allar brautir þó fáir séu til að tryggja að námið haldist.

2. Fjárhagur.

Fjárhagur ræddur, mjög óljóst er hvernig staðan er, beðið er eftir svörum frá ráðherra og fjársýslunni hver raunveruleg staða er v. 2018.

3. Skólafundur.

Lilja fór yfir niðurstöður skólafundar, nemendur lýstu því hvað þau vilja gera í skólanum. Fullt af hugmyndum komu fram en enginn bauð sig fram til starfa í nemendaráði. Ákveðið að vinna meira í félagslífi.

4. Austurendi – framtíðarhorfur.

Jón Björn og Lilja kynntur þær breytingar sem framundan eru, Matís og Náttúrustofan eru að fara úr húsnæðinu um áramótin 2019-2020. Þetta kallar á að þá vantar 6-8 milljónir sem VA er nú að fá í leigutekjur frá þessum stofnunum. Búið er að leggja þessi mál undir ráðuneytið og fasteignir ríkissjóðs.

5. Erasmus – styrkir.

Lilja sótti um styrk fyrir námskeið til endurmenntunar og fékk 2 milljónir.

6. Skóladagatal.

Lilja fór yfir dagatalið.

7. Umsóknir um starf aðstoðarskólameistara.

Jón Björn og Lilja kynntu breytingu á nýju starfi, þ.e. starf aðstoðarskólameistara sem tekur líka yfir starf áfangastjóra. 6 umsóknir hafa borist um starfið. Lilja óskar eftir að fá 2 úr skólanefnd til að aðstoða sig við að fara yfir umsóknir.

Ákveðið var að fá Sigurð Ólafsson til að aðstoða Lilju og fá einnig ritara til starfa þegar viðtölin verða tekin.

Fundi slitið kl. 13:30

Fundargerð ritar Sigurborg Hákonardóttir.